

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

11. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 7. mars 2023

kl. 12.30 – 13.30 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 7. febrúar 2023 lögð fram til afgreiðslu.
2. Kjaramál - Kröfugerð FPR 2023. Farið yfir þær athugasemdir sem hafa borist.
3. Bílastæðamál HÍ.
4. Starfsreglur stjórnar.
5. Þóknun stjórnar FPR.
6. Dagsetning aðalfundar FPR.
7. Fundur norrænu háskólafélagana. Hugmyndir að dagskrá.
8. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 7. febrúar 2023.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.32.

- 1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 7. febrúar 2023 lögð fram til afgreiðslu.** (Fskj. 1)
Fundargerðin var samþykkt með áorðnum breytingum.

HG kom kl. 12.40 vegna kennslu.

- 2. Kjaramál – Kröfugerð FPR 2023. Farið yfir þær athugasemdir sem hafa borist.**
Formaður ræddi kjaramálin, samráðsfundi BHM og stöðuna hjá viðræðunefnd BHM.

Rætt var um skilyrt umboð FPR til BHM og samflot BHM, BSRB og KÍ. Stjórn FPR getur afturkallað umboð BHM þegar það telur það þjóna betur hagsmuni félagsins.

Umræða var um miðlæga kjarasamninginn og hvaða þættir ættu heima í stofnanasamningi. Mikilvægt hagsmunamál FPR sem er mikið til umræðu í kjaraviðræðunum er 7. gr. í samkomulagi frá 2016 sem heildarsamtök opinberra starfsmannaum gerðu við ríkið um lífeyrissjóðsmál og jöfnum launa milli markaða. Með samkomulaginu gáfu opinberir starfsmenn eftir hluta réttinda sinna í lífeyriskerfinu á meðan lífeyrissjóðsmál og jöfnum launa milli markaða. Með þessu samkomulagi skuldbatt hið opinbera sig að jafna launamun þessara hópa sem hefur ekki gengið eftir. Ljóst er að munur er á launakjörum sem þarf að leiðrétta umfram almennar launahækkanir. Þá þarf að koma í veg fyrir að þak verði sett á almennar launahækkanir sem myndi bitna á meirihluta félagsfólks FPR.

FPR hefur óskað eftir fundi með Samninganefnd ríkisins (SNR) til að gera grein fyrir málum sem snúa að prófessorum sérstaklega.

Tillaga að kröfugerð FPR í kjarasamningum var send félögum til umsagnar og rann fresturinn út 28. febrúar síðastliðinn. Farið var yfir þær athugasemdir sem bárust og kröfugerðin samþykkt.

Ákveðið var að halda félagsfund um kjaramál og kröfugerð félagsins fimmtudaginn 16. mars kl. 16-18. Fundurinn verður bæði á staðnum og á Teams. LP finnur hentugan fundarstað.

3. **Bílastæðamál HÍ.**

Bílastæðamál starfsfólks HÍ voru til umræðu. Varaformaður upplýsti að málið kom upp á fundi háskólaráðs og kom þar fram að gjaldtaka kemur ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi skólaárs 2024. Samningar eru í gangi um niðurgreiðslu í strætó fyrir nemendur og starfsfólk.

4. **Starfsreglur stjórnar.**

Formaður vísaði til samþykkt stjórnar frá síðasta fundi um að stjórnin setji sér almennar starfsreglur. Samþykkt var að vísa málinu til nýrrar stjórnar FPR eftir aðalfund þar sem kjaramálin hafa meira vægi eins og staðan er. LP heldur áfram að afla gagna um málið hjá öðrum félögum.

5. **Þóknun stjórnar FPR.**

Formaður lagði til að þóknun til fulltrúa í stjórn yrði ekki lengur greidd sem verktakagreiðsla. Samþykkt var að þóknunin verði greidd í gegnum launakerfið frá og með 1. janúar 2023.

6. **Dagsetning aðalfundar FPR.**

Samþykkt var að aðalfundur félagsins verði miðvikudaginn 24. maí í húsnæði EHÍ. Fundurinn verður bæði á staðnum og á netinu. Aðalfundarboð verði sent fyrir lok næstu viku.

7. **Fundur norrænu háskólafélagana. Hugmyndir að dagskrá.**

Eins og áður hefur komið fram er næsti fundur 12.-14. júní á Íslandi. FPR og FH sjá um fundinn. Fundurinn verður á Hótel Örk í Hveragerði. Farið verður með rútu frá Reykjavík á hótelið 12. júní. Dagskrá verður eftir hádegi þann dag og allan daginn eftir og fram að hádegi þann 14. júní. Þegar fundi lýkur verður farið með rútu aftur til Reykjavíkur.

8. **Önnur mál.**

Trúnaðarmenn FPR.

PHP upplýsti að nýr trúnaðarmaður hjá Landsbúnaðarháskólanum fyrir árin 2023-2024 er Ása L. Aradóttir. Hún tók við af Bjarna Dídriki Sigurðssyni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.45.

Fundarritari: LP.